

# Kennsluáætlun REIM2KF05 – Reiðmennska verklegt IV – Knapinn og þjálfun hrossa

## 400 hópur- vorönn 2018

Birt með fyrirvara um breytingar.

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að kenna almenna grunnreiðmennsku, á tömdum hestum. Kennt verður efni sambærilegt við knapamerki 4 og að hluta knapamerki 5.

### Markmið

Að kenna reiðmennsku sem hefur góð andleg og líkamleg áhrif á knapa og hest.

Nemandi:

-verður færari reiðmaður

-öðlast meiri og dýpri skilning fyrir reiðmennsku.

-æfir sig í að nýta þekkingu sína úr HEM áföngunum til að þjálfra sig og hestinn.

### Framkvæmd og fyrirkomulag

Kennt verður 4 - 5 nemendum í hóp þrisvar í viku. Sýnikennsla verður nokkrum sinnum á önninni sem tenging milli bóklegar og verklegrar kennslu. Skólinn útvegar hesta og reiðtygi til kennslunnar, þó má nemandi koma með sinn eigin hest. Nemendur skulu koma með hjálm og reiðfatnað.

***Vetrarleikar fsu verða á kátum dögum,***

Kennarar:

**Sissel Tveten – kennari 692-9682**

**Freyja Hilmarsdóttir - kennari 896-9554**

Áreiðanleiki kennsluáætlunar er háður framvindu námsins, getu nemenda og hesta. Í sum atriði er farið einu sinni og svo fylgt eftir í hverjum tíma. Útreiðar verða nokkrum sinnum og er horft í gott veður án tillits til kennsluáætlunar.

### Próf og verkefni á önninni:

Gæðingafimi	25%
Vinnustund	25%
Þáttaka í vetrarleikum Fsu	10%
Knapamerki 4	20%
Mæting	10%
Ástundun	10%

## Lýsing:

Áhersla lögð á knapann, líkamsbeitingu, jafnvægi, viðhorf og andlega líðan. Áframhaldandi grunnþjálfun hesta á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins. Teymingar og framhaldsfimíþjálfun. Samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga. Söfnun og töltþjálfun. Farið er ítarlega í mikilvægi jafnvægis, góðs forms og grunnatriða þjálfunar með tilliti til hreyfiefðlis hestsins. Nemendur læra að nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.

**Forkröfur:**HEST2GP05, REIM2GP05, FÓHE1GR03, VINH2FH10

## Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- þjálfunarhugtökum og skilgreiningum sem liggja þeim að baki.
- þjálfunarstigum klassískrar reiðmennsku.
- formi og líkamsbeitingu hestsins.
- muninn á andlegu jafnvægi og spennu hjá hestum.
- grunnatriðum þjálfunar með tilliti til hreyfiefðlis hestsins.
- framhalds fimíæfingum og þjálfun þeirra.
- samspili hvetjandi og hamlandi ábendinga.
- upphafi söfnunar, stöðvun og hömlun.
- mismunandi vinnuaðferðum og nálgun við þjálfun hesta.
- taumsambandi og taumhaldi, helstu forsendum og notkun.
- öllum helstu ásetum forsendum þeirra og notkun.
- eðli og tilgang markmiðssetningar og þjálfunaráætla.
- Töltþjálfun

## Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.
- grunnþjálfu rétt gangtegundir (utan skeiðs).
- nota allar ásetur markvisst.
- grunnþjálfu hest á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins, jafnvægi og gott form.
- nota helstu fimíæfingar (grunnur) til að bæta jafnvægi og liðleika hestsins.

- setja upp skynsamlegar aðstæður við þjálfun hests og leggja mat á árangur.
- setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir og fylgja þeim.
- greina þjálfunarstig hesta og setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir í samræmi við þarfir hestsins.

### **Hæfniviðmið:**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

hafa mjög gott vald á lóðréttri og stígandi ásetu og gott jafnvægi á baki hestsins.

hafa nákvæmt og næmt taumhald.

geta riðið krossgang til beggja hliða í góðu jafnvægi.

hafa gott vald á baugavinnu og reiðleiðum á vellinum á feti, tölti/brokki og stökki.

geta riðið gangskiptingar markvisst og af nákvæmni.

geta látið hestinn stöðva, bíða eftir ábendingu frá knapanum og fara rétt af stað í góðu jafnvægi.

hestur og knapi séu spennulausir, í andlegu og líkamlegu jafnvægi.

geta notað samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga.

## Kennsluáætlun hvernar viku hér fyrir neðan:

8.-12. Janúar- Úthlutun af þjálfunahesta. Prufa þjálfunahest meta stöðu hans og útbúa þjálfunaráætlun fyrir mánuðurinn.

15.-19. Janúar- Þjálfá sjálfstætt undir leiðsögn kennara.

22.-26. Janúar- Þjálfá sjálfstætt undir leiðsögn kennara.

29. janúar-2. Febrúar- Þjálfað sjálfstætt undir leiðsögn kennara, þjálfunatímabilið lýkur með sjálfstæða vinnustund.

5.-9. Febrúar- Krossgang, upprifjun og framhald.

12.-16. Febrúar- Opnn sniðgang.

19.-23. Febrúar- Halfhalt, söfnun, töltþjálfun og hringvallareid. Undirbúningur fyrir vetrarleikar.

26. febrúar-2. Mars-(28. Febrúar, áfangamessa og flóafár. 1. Og 2. Mars kátir dagar.) – Töltþjálfun, undirbúningur fyrir vetrarleikar.

5.-9. Mars- Æft fyrir gæðingafími. (sætisæfingar)

12.-16. Mars- Æft fyrir gæðingafími.(sætisæfingar)

19.-23. Mars- Gæðingafími undirbúningur, Gæðingafímipróf síðasti timinn fyrir páska.

26.-30. Mars-**PÁSKAFRÍ**

2.-6. April-(2. April páskafrí) Liðkand og losandi vinnu, koma hestana afstað eftir páskafrí. (sætisæfingar)

9.-13. April- Undirbúningur fyrir knapamerki 4. GANGSKIPTINGAR OG JAFNVÆGI (sætisæfingar)

16.-20. April-(19. April sumardagurinn fyrsti)- Undirbúningur fyrir knapamerki 4. FIMIÆFINGAR OG SAMSPIL ÁBENDINGA

23.-27. April- Undirbúningur fyrir knapamerki 4.

30. April-4. Mai-(1. Mai verkalýðsdagurinn) Knapamerki 4.

7.-11. Mai- (10. Mai uppstigningadagur) Prófavíka (sjúkrapróf)